

27. október 1978.

775

Nr. 377.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 3 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 3 800.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1978.

F. h. r.

Árni P. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

27. október 1978.

Nr. 378.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 563.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 4 518.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 860.00 í hvert skipti.

B 99